| <b><i>Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla</i></b>       | Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglinga að leiðarljósi.                                                                                                                                                                                                                                           |
| <b><i>Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla</i></b> | Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglinga að leiðarljósi.                                                                                                                                                                                                                                           |
| <b><i>Starfshópur um endurskoðun verklags vegna vanskila foreldra/forsjáraðila er varðar þjónustu við börn</i></b>               | Hlutverk hópsins er að endurskoða verklagið út frá notendamiðaðri hönnun og stafrænni vegferð borgarinnar. Leggja fram kostnaðarmetnar tillögur að endurskoðuðu verklagi.                                                                                                                                                                                                                                 |



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## ERINDISBRÉF<sup>1</sup> Starfsþróunarhópur SFS

SKJALAVER  
HÖFÐATORGI

9. Nóv. 2020

Málsnr. *SFS2020/10045*

Bréfalykill: *0.4.1*

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS

### Inngangur:

Ein af almennum aðgerðum vegna innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkur var að efla starfsþróun í hvívetna en þar stendur; *Veita á starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja þeim markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Lögð verður áhersla á að efla samstarf við menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs.* Þá var Nýsköpunarmiðju menntamála falið það hlutverk að samræma og skapa yfirsýn yfir starfsþróun á sviðinu í samstarfi við skrifstofu sviðsins. Starfsþróunarhópurinn er vettvangur til að vinna að þessum markmiðum sem hér koma fram.

### Hlutverk:

Að samræma og tryggja yfirsýn yfir starfsþróun á vegum skrifstofu SFS til allra starfsstaða á skóla- og frístundasviði í anda menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

### Helstu verkefni/viðfangsefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Fylgjast með og miðla í gegnum starfsþróun rannsóknnum, nýjungum, árangursríkum og framsæknum tarfsháttum sem styðja við þróun og nýsköpun í skóla og frístundastarfi
- Skapa tækifæri til fjölbreyttrar starfsþróunar út frá þörfum starfsstaða hverju sinni
- Veita markvissa ráðgjöf og stuðning til starfsstaða
- Hafa yfirsýn yfir þau starfsþróunartilboð sem SFS býður upp á
- Tryggja yfirsýn yfir og nýta þá sjóði sem veita styrki til starfsþróunar
- Hafa frumkvæði að því að skapa vettvang sem stuðlar að þróun lærdómssamfélags
- Stuðla að faglegu samstarfi og aukinni hæfni til að framfylgja framtíðarsýn og leiðarljósum menntastefnunnar
- Koma á framfæri upplýsingum um starfsþróunartilboð, ráðgjöf og stuðning við einstaklinga og hóp
- Taka við verkefnum frá skóla- og frístundaráði, framkvæmdastjórn eða fagstýrum sem snúa að viðfangsefnum hópsins
- Kalla til undirhópa vegna einstakra verkefna eftir því sem við á

<sup>1</sup> Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa: [http://revkjavik.is/sites/default/files/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_starfs-og\\_styrihopa.pdf](http://revkjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf). Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið

- Vinna starfsáætlun fyrir starf hópsins

**Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:**

Fríða B. Jónsdóttir (formaður) Dröfn Rafnsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Hafsteinn Hrafn Grétarsson, Hanna Halldóra Leifsdóttir, Ingibjörg Gísladóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Þorbjörg St Þorsteinsdóttir

**Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Ingibjörg Gísladóttir, mannauðsráðgjafi

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

- Aðrir starfsmenn sviðsins sem þekkja til viðfangsefnisins eða eru hagsmunaaðilar s.s. eins og teymi innan sama grundvallarþáttar.
- Aðrar starfseiningar Reykjavíkurborgar þar sem er snertiflötur
- Starfsþróunarstjóri og aðrir samstarfsaðilar á Menntavísindastofnun og Menntavísindasviði HÍ
- Stofnanir og félagasamtök sem hafa með starfsþróun starfsfólks í skóla- og frístundastarfi að gera

**Starfstími og skil :**

Mánaðarlegir fundir, dagskrá send út og fundargerð rituð og vistuð á svæði  
S:\SFS\_Skrifstofa\Fagleg\_malefni\\_NýMið\Starfsþróun\Starfsþróunarhópur

Hópurinn kynnir starf sitt fyrir framkvæmdastjórnar SFS tvisvar á ári.

Starfshópurinn starfar þar til ákveðið verður að leggja hópin niður.

Reykjavík, 4. 11. 2020

Hjálagt:



## ERINDISBRÉF<sup>1</sup>

### Starfshópur um stofnun fjölskyldumiðstöðvar

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

#### Inngangur:

Í október 2018 samþykkti Borgarráð að hefja byggingu að nýju leikskólahúsi fyrir leikskólann Miðborg. Í leikskólahúsnaðinu er gert ráð fyrir fjölskyldumiðstöð. Leikskólastjóri Miðborgar hefur um árábil verið áhugasöm um stofnun fjölskyldumiðstöðvar og notið stuðnings þjónustumiðstöðvar VMH við að hrinda þeirri framkvæmd af stað.

Við framkvæmdaáætlun verði litið m.a. til hugmyndafræði Pen Green sem kennd er við „opnar dyr“ (e. open door approach). Þar er gert ráð fyrir að foreldrar taki þátt í að móta og þróa starfið. Dr. Margy Whalley, frumkvöðull Pen Green, segir að leikskólinn verði að vera kjarninn í fjölskyldumiðstöðinni, litið sé á að menntun barns hefjist við fæðingu. Starfsfólk ber virðingu fyrir barninu og fjölskyldu þess, viðurkennir menningarlegan bakgrunn fjölskyldunnar og mismunandi einstaklinga og er meðvitað um að fræðsla til foreldra um uppeldi þarf að vera aðgengileg.

Eins verði stuðst við skýrslu starfshóps um *Bliða byrjun* frá 2012. Þar kemur fram mikilvægi leikskólans við stofnun og umsjón fjölskyldumiðstöðvar enda leikskólinn í lykilstöðu vegna þess að þar er litið á foreldra sem jafningja.

Sjá einnig fylgiskjal.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að *leggja drög að framkvæmdaáætlun/módeli sem haft verði til hliðsjónar við stofnun fjölskyldumiðstöðvar við leikskólann Miðborg og í framhaldinu í öðrum hverfum Reykjavíkurborgar.*

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Verkefni 1. *Ígrunda/greina og leggja fram hugmyndir, m.a. að samstarfi VEL og SFS við Heilsugæsluna o.fl. (Hugarflugsfundur, fara yfir hugmyndir, skoða það sem áður hefur verið gert, hugmyndafræði fjölskyldumiðstöðvar.)*
- Verkefni 2. *Hagsmunaaðilagreining, kalla til sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna í kjölfarið (gætu orðið nokkrir fundir).*

<sup>1</sup> Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_starfs-og\\_stvrihopa.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_stvrihopa.pdf). Einnig er ráðlegt að fylla út evðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.



- Verkefni 3. *Setja upp drög að aðgerðarplani/framkvæmd þar sem kemur fram hvernig starfseminni verður háttað, greina kostnað og skilgreina ábyrgðarhluta samstarfsaðila, stöðugildi, starfslýsingar, opnunartíma o.fl.*

**Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:**

Saga Stephensen, formaður, leikskólaskrifstofu SFS.

Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri Miðborgar.

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Þjónustumiðstöð VMH.

Guðrún Jóhanna Rafnsdóttir Þjónustumiðstöð VMH.

Lena Sólborg Valgarðsdóttir aðstoðarleikskólastjóri Miðborgar.

[Nafn fulltrúa], [Heilsugæsla ].

**Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Sigríður Marteinsdóttir, leikskólaskrifstofu SFS.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok maí 2021.

Reykjavík, 12. janúar 2021

Helgi Grímsson

sviðstjóri skóla- og frístundasviðs



## Fjölskyldumiðstöð við leikskólann Miðborg

Meginmarkmið fjölskyldumiðstöðvarinnar er að skapa góða aðstöðu fyrir foreldra ungra barna til þess að læra af öðrum foreldrum og fagfólki um ýmislegt sem tengist þroska barna þeirra eins og umönnun, tilfinningatengsl, jákvætt uppeldi, hreyfingu og málþroska um leið og boðið er upp á sértæk úrræði og snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur í viðkvæmri stöðu. Gert er ráð fyrir því að foreldrar séu með börnum sínum og beri ábyrgð á þeim þann tíma sem þau eru í heimsókn.

Fjölskyldumiðstöðin verður starfrækt alla virka daga frá 8-16 og einnig verður hún starfrækt utan hefðbundins opnunartíma leikskólans þ.e. á kvöldin og um helgar fyrir þá hópa sem vilja og geta nýtt sér húsnæðið fyrir t.d. námskeið og fundi. Ef breyting verður á starfsemi fjölskyldumiðstöðvar á að vera hægt að breyta rými hennar svo hefðbundin leikskólastarfsemi geti farið þar fram.

Markmið fjölskyldumiðstöðvar er:

- Að skapa góða aðstöðu fyrir foreldra ungra barna til þess að læra af öðrum foreldrum og fagfólki um ýmislegt sem tengist þroska barna þeirra s.s. eins og umönnun, tilfinningatengsl, jákvætt uppeldi, hreyfingu og málþroska um leið og boðið er upp á sértæk úrræði og snemmtæka íhlutun fyrir fjölskyldur í viðkvæmri stöðu.
- Gert er ráð fyrir því að foreldrar séu með börnum sínum og beri ábyrgð á þeim þann tíma sem þau eru í heimsókn.
- Fjölskyldumiðstöðin getur orðið hluti af leikskólanum, ef breyting verður á starfsemi Miðborgar.
- Mikilvægt er að hægt verði að afmarka fjölskyldumiðstöðina frá leikskólarýminu með aðgangsstýringu.
- Aðstaða fyrir ýmsa sérfræðinga sem tengjast fjölskyldumiðstöðinni s.s. hjúkrunarfræðinga eða fulltrúa frá þjónustumiðstöð hverfisins.





18. MAÍ 2020

Málsnr.:

SF52020050087

Bréfalýkill:

4.4

ERINDISBRÉF<sup>1</sup>

## Ráðgjafateymi um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi í skóla- og frístundastarfi

Ábyrgðarmenn : Helgi Grímsson sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs og Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri Velferðarsviðs.

## Hlutverk:

Að veita starfsstöðum skóla- og frístundasviðs ráðgjöf og stuðning og leiðsögn varðandi mál sem tengjast kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi.

## Helstu verkefni/viðfangsefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Styðja við starfsstaði þegar upp koma mál sem tengjast kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi
- Vera ráðgefandi varðandi viðbrögð við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi
- Viðá að sér þekkingu um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi og miðla þekkingu til starfsstaða eftir þörfum
- Veita fræðslu til stjórnenda og starfsfólks um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi
- Tryggja að til verði bakland og stuðningur við starfsstaði sem bjóði upp á samræmd viðbrögð vegna mála sem upp koma og tengjast kynferðislegu ofbeldi og áreitni

## Ráðgjafateymið skipa:

Anna Garðarsdóttir, fulltrúi skólahjúkrunarfræðinga  
Ásdís Sigurjónsdóttir, þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíðar  
Margrét Edda Yngvadóttir, þjónustumiðstöð Breiðholts  
Kistrún Kristjánsdóttir, þjónustumiðstöð Árbæjar  
Ragnar Harðarson, þjónustumiðstöð Grafarvogs (Miðgarður)  
Una S. Bjarnadóttir, þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleiti

## Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Kolbrún Hrund Sigurgeirdóttir, verkefnisstýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur

<sup>1</sup> Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_starfs-og\\_styrihopa.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf). Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**


- Starfsfólk skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs sem þekkir viðfangsefnið og/eða tengist því á einhvern hátt.
- Aðrar starfseiningar Reykjavíkurborgar þar sem er snertiflötur við málefnið
- Barnavernd, Lögregla, Stigamót, Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis og önnur samtök og stofnanir sem vinna með mál sem tengjast kynferðisofbeldi
- Sérfræðingar í málefninu sem og aðrir sem teymið telur ástæðu til að leita til


**Starfstími:**

Þar til ákveðið verður að leggja teymið niður.

**Skil:** Einu sinni á ári til sviðsstjóra skóla- og frístundasvið og velferðarsviðs.

Reykjavík, 14.05.2020





## ERINDISBRÉF<sup>1</sup>

### Framtíðarhópur um innleiðingu menntastefnu 2022-2024

#### Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

#### Inngangur:

Á fundi sínum þann 13. október 2020 samþykkti skóla- og frístundaráð tillögu um að hefja undirbúning að stofnun framtíðarhóps í menntamálum Reykjavíkurborgar sem ætlað er að leggja grunn að nýrri aðgerðaáætlun menntastefnu fyrir tímabilið 2022-2024. Framtíðarhópurinn taki til umfjöllunar í því sambandi helstu sóknarfæri, álitamál og umbótaverkefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar til náinnar framtíðar. Framtíðarhópurinn verði skipaður fulltrúum skóla- og frístundasviðs og helstu aðila í skólasamfélaginu s.s. barna og unglinga, foreldra, kennara og annars starfsfólks, stjórnenda, fræðasamfélagsins, aðila vinnumarkaðarins og kjörinna fulltrúa allra flokka í skóla- og frístundaráði.

#### Hlutverk:

Hlutverk framtíðarhóps er að leggja mat á framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* eftir fyrstu tvö árin og áforma næstu skref. Hópnum er ætlað að tryggja að áherslur innleiðingar og aðgerðaráætlun verði samofin *Græna planinu* sem nú er í mótun fyrir Reykjavíkurborg sem og þeirri gerjun sem átt hefur sér stað í menntamálum jafnt hérlandis sem erlendis á liðnum misserum.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að veita umsögn um framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* eftir fyrstu tvö árin.
- Að meta sóknarfæri, álitamál og mögulegar umbætur í skóla og frístundastarfi borgarinnar til næstu framtíðar.
- Að koma með hugmyndir að og veita álit á tillögum um aðgerðaráætlun til næstu þriggja ára vegna innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022-2024 sem byggðar verða m.a. á
  - Stöðu innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar
  - „*Græna planinu*“ – langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar.
  - „Farsældarfrumvarpinu“
  - Helstu straumum í menntamálum hérlandis og erlendis.

---

<sup>1</sup> Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_starfs-\\_og\\_styrihopa.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-_og_styrihopa.pdf). Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

- Helst áskorunum sem blasa við í lífi barna, unglinga og ungmenna í nú og í náinni framtíð.

**Starfshópin skipa:**

Skúli Helgason, formaður

Anna Garðars er að ljúka skráningu listans.

**Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri á nýsköpunarmiðju SFS.

**Starfstími:**

Framtíðarhópur hittist á þremur til fjórum vinnufundum á tímabilinu janúar – október 2021.

Reykjavík, 27. JAN. 2021

Hjálagt:



## ERINDISBRÉF<sup>1</sup>

### Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

**Ábyrgðarmenn:** Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu.

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Þegar hefur farið fram töluverð rýni á húsnæði Laugarnesskóla og Langholtsskóla. Það er mat umhverfis- og skipulagssviðs að ýmis vandkvæði séu á því að byggja frekar við Laugarnesskóla. Þessi staða kallar á endurskoðun á þeirri vinnu sem staðið hefur yfir til að fá ferska sýn á stöðuna.

Á fundi skóla- og frístundaráðs x.x. 2021 var samþykkt að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Laugarneshverfi og Langholtshverfi í ljósi aukningar nemendafjölda á einstökum starfsstöðvum á undanförunum árum.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í Laugarnes- og Langholtshverfi til framtíðar með hagsmuni barna og unglinga í hverfunum að leiðarljósi.

#### Helstu verkefni:

- Að skoða tillögur, greiningargögn og ábendingar sem fram hafa komið í vinnu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.
- Að hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar um skipulags- og samgöngumál í hverfunum.
- Að huga að og meta mótvægisáðgerðir í tengslum við þær tillögur sem hópurinn leggur fram.
- Að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Laugarneshverfi og Langholtshverfi.

---

<sup>1</sup> Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:  
[http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_starfs-og\\_styrihopa.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf)

**Starfshópin skipa:**

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS

Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla

Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugalækjarkóla

Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla

Fulltrúi USK

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri

**Starfsmenn/verkefnisstjórar starfshópsins:**

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef svo ber undir.

**Starfstími:**

Hópurinn starfar til 28. febrúar 2021.

Reykjavík, janúar 2021

Helgi Grímsson sviðsstjóri



## ERINDISBRÉF<sup>1</sup>

### Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

**Ábyrgðarmenn:** Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu.

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Austurbæjarskóla.

Þegar hefur farið fram töluverð rýni á húsnæði skólanna. Haustið 2020 eignaðist Reykjavíkurborg Vörðuskóla á Skólavörðuholti og var skóla- og frístundasviði falið að útfæra starfsemi fyrir unglingaskóla í húsnæðinu. Þessi staða kallar á endurskoðun á þeirri vinnu sem þegar var hafin til að fá ferska sýn á stöðuna.

Á fundi skóla- og frístundaráðs x.x 2021 var samþykkt að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla í ljósi aukningar nemendafjölda sem orðið hefur á einstökum starfsstöðvum á undanförunum árum.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglinga að leiðarljósi.

#### Helstu verkefni:

- Að skoða tillögur, greiningargögn og ábendingar sem fram hafa komið í vinnu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.
- Að hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið um skipulags- og samgöngumál í hverfunum.
- Að huga að og meta mótvægisaðgerðir í tengslum við þær tillögur sem hópurinn leggur fram.
- Að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

---

<sup>1</sup> Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:  
[http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_starfs-og\\_styrihopa.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf)



**Starfshópurinn skipa:**

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Austurbæjarskóla

Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri Hlíðaskóla

Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla

Fulltrúi USK

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar

**Starfsmenn/verkefnisstjórar starfshópsins:**

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef svo ber undir.

**Starfstími:**

Hópurinn starfar til 31. mars 2021.

Reykjavík, janúar 2021

Helgi Grímsson sviðsstjóri



Reykjavíkurborg

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um endurskoðun verklags vegna vanskila foreldra/forsjáraðila er varðar þjónustu við börn

**Ábyrgðarmaður:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

**Inngangur:** Þann 17. desember 2013 samþykkti borgarstjórn tillögur starfshóps er lúta að þjónustu við börn hjá skóla og frístundasviði. Á grunni þeirra var mótað verklag vegna vanskila foreldra/forráðamanna er varðar þjónustu við börn, sjá fylgiskjal 1. Byggði verklagið á tillögum starfshóps er lúta að þjónustu við börn hjá skóla- og frístundasviði sem voru afgreidd í borgarráði 21. nóvember 2013 og í borgarstjórn 17. desember 2013, sjá fylgiskjal 2. Hlutverk verklagsreglnanna er að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra og er lokaúrræði skuldara eftir að búið er að reyna til þrautar aðrar leiðir.

#### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að endurskoða verklagið út frá notendamiðaðri hönnun og stafrænni vegferð borgarinnar. Leggja fram kostnaðarmetnar tillögur að endurskoðuðu verklagi.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Skoða lausnir til að ná til foreldra til að koma í veg fyrir uppsagnir.
- Meta greiðslugetu umsækjanda og hvort viðmið umboðsmanns skuldara eigi enn við.
- Yfirfara ferli beiðna með tilliti til rafrænna lausna eins og kostur er.
- Yfirfara verklag með tilliti til innheimtureglna borgarinnar, m.a. að skoða á hvaða stigi skuldir fari í innheimtu og hvenær kemur til uppsagnar.
- Skoða með hvaða hætti hægt er að tryggja öfluga leiðbeiningar til foreldra m.a. á algengustu tungumálum.
- Kostnaðarmeta tillögur.
- Annað sem hópurinn telur mikilvægt að skoða.

#### Starfshópurinn skipa:

Kristín Blöndal, innheimtustjóri skóla- og frístundasviðs, formaður

Guðrún Sigtryggsdóttir, yfirlögfræðingur skóla- og frístundasviðs.

Katrín Þórdís Jacobsen, deildarstjóri velferðarsviði.

Anna Ingibjörg Opp, félagsráðgjafi þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness.

Helga Benediktsdóttir, skrifstofustjóri fjárfstýringar- og innheimtuskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs.

473688

**Til ráðgjafar og samstarfs:**


Starfshópurinn hafi samstarf við Samstarfshóp velferðarsviðs og EAPN á Íslandi (European Anti Poverty Network) og aðra þá aðila er hópurinn telur þörf á.

**Starfstími**

Hópurinn starfar á tímabilinu 15. september – 15. nóvember 2020 og skilar kostnaðarmetnum tillögum til ábyrgðarmanna.

Reykjavík, 15. september 2020

Helgi Grímsson, sviðsstjóri  
Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri



***Yfirlit yfir starfshópa á vegum Ráðhúss og annarra sviða sem skóla- og frístundasvið á fulltrúa í***

| <b>Heiti starfshóps</b>                                                                           | <b>Hlutverk starfshóps</b>                                                                                                                                                                                                                                              |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <i>Samninganefnd Reykjavíkurborgar</i>                                                            | Koma að undirbúningi kjarasamningsviðræðna við viðsemjendur.                                                                                                                                                                                                            |
| <i>Starfshópur um lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og aðild að samtökum evrópska heilsuborga</i> | Vinna tillögu að lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.                                                                                                                                                                                                                     |
| <i>Stýrihópur um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir</i>                  | Hlutverk stýrihóps er að hafa heildarumsjón og styðja við innleiðingu breytinga á þjónustu fyrir fjölskyldur barna með sérstakar þjónustuþarfir sem veitt er af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði.                                                             |
| <i>Samráðsnefnd Grænna skrefa Reykjavíkurborgar</i>                                               | Hlutverk samráðsnefndar Grænna skrefa er að gera starfssemi Reykjavíkurborgar umhverfisvænni og í því skyni hafa yfirumsjón með verkefninu Græn skref, vinna að þróun þess og veita verkefnastjóra grænna skrefa stuðning í starfi.                                     |
| <i>Öryggisnefnd Reykjavíkurborgar</i>                                                             | Að fylgja eftir ákvæðum vinnuverndarlaga og tryggja að fyrirmælum innri og ytri eftirlitsaðila sé fylgt hjá Reykjavíkurborg.                                                                                                                                            |
| <i>Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla – Brúum bilið</i>                                          | Hlutverk stýrihóps um uppbyggingu leikskóla til ársins 2023 er að fylgja eftir framsettum hugmyndum, vakta vel framkvæmdir og tryggja að áætlanir standist bæði tímalínur og kostnað ásamt því að vinna tillögur um endurskoðun áætlana þegar og ef forsendur breytast. |